

Ungmennaráðsfundur 21.01.2016 kl. 20:15.

Mætt: Aníta Rut Gunnarsdóttir (ARG), Bergþóra Sveinsdóttir (BS), Hulda María Valgeirsdóttur (HMV), Jón Egill Hafsteinsson (JEH), Sigríður Ágústsdóttir (SA) fyrir BÍS.

Forföll: Edda Anika Einarsdóttir (EAE)

1. Ungmennapening
 - a. Rætt um tilhögun, hvar og hvenær og hve lengi. Ákveðið að hafa ungmennapeningið 13.-14. febrúar í skátaheimili á höfuðborgarsvæðinu kl. 13-18 á laugardeginum og kanna með hvort hægt sé að gista í heimilinu.
 - b. Hjálmar Hinz – kanna með að fá hann með innlegg. Aníta athugar með Kópaheimilið, Jón Egill athugar með Vífilsheimilið.
 - c. Hugmynd að dagskrá: í fyrri var byrjað á kynningarleikjum, nafnaleikur, línu-kynningarleikur, lýðræðisleikur. Hafa 3-4 leiki, hafa aðal-fyrirlesara – einhvern spennandi. Hafa pönnukökur, kakó, djús, ávexti.
 - d. Dagskrá: Hulda finnur leiki, Bergþóra fer yfir RUS-kynninguna og dregur upp aðalatriði, annars verður dagskráin svipuð og í fyrri.
 - e. Auglýsa hvað hægt er að gera um kvöldið: sovjet-kósýkvöld og sundlaugarpartí á sunnudeginum.
 - f. Ekkert þátttökugjald en þátttakendur sjá sjálfir um kvöldmat á laugardeginum og morgunmat á sunnudeginum.
 - g. Atburðurinn verður auglýstur þegar staðsetningin er komin á hreint, helst í næsta þriðjudagspósti.
2. Rekkahandbókin
 - a. Ráðsmenn eru beðnir að lesa yfir rekkahandbókina og gefa feed-back á hana fyrir næsta stjórnarfund sem verður 3. febrúar. Ráðsmenn eru beðnir að senda komment til Bergþóru fyrir 30. janúar. Ráðsmenn hafa skipt niður hlutunum á sig. Sigríður setur þá inn í hópinn á facebook.
3. Skátaþing í mars
 - a. Ungmennaráðið verður með myndir og efni á snapchat, twitter og facebook.
4. Önnur mál.
 - a. Næsti fundur verður fyrstu vikuna í febrúar, endanleg dagsetning verður ákveðin og sett inn á facebook. Svo verður annar fundur í síðustu viku febrúar vegna undirbúnings fyrir skátaþing.

Fundi slitið kl. 21:15.